

1872.
12. febrúar.

frestað, að láta tilskipunina koma út, þangað til þessi breyting á landsstjórninni yrði gjörð, og að 2. grein frumvarps stjórnarinnar þá hældist óbreytt.

Að áleti konungsfulltrúa mundi gjald það, sem stungið er uppá í 3. grein, reyndar nægja til þess að halda skólunum við, en ekki vera nægilegt til þess að koma þeim á fót, og konungsfulltrúa virðist því hafgælt, að heimta saman gjaldið nokkrum árum áður en skólarnir yrði stofnaðir, en með þessu móti mætti safna í sjóð til þessa, sem ámtmennirnir, eða þá amtsráðin, ef frumvarp það um sveitastjórn á Íslandi, sem lagt væri fyrir alþingi, yrði að lögum, skyldi hafa umsjón yfir; konungsfulltrúi lagði því til, að tilskipunin kæmi út svo tímanlega, að hún yrði birt á manntalsþingum á þessu ári, svo gjaldið yrði heimtað í öllum ömtum á árinu 1873.

Stjórnarráðið gat ekki fundið næga ástæðu til að taka breytingu þá til greina, sem alþing hafði stungið uppá við 2. grein frumvarpsins, vegna þess að hægt væri, þegar að því kæmi og það virtist hafgælt, að láta landsstjórnina taka við valdi því, sem dómsmálastjórninni nú væri falið á hendur í þessu tilliti; stjórnarráðið var samdóma konungsfulltrúa í því, að það væri hafgælt, að tilskipunin kæmi út sem fyrst.

Eftir að stjórnarráðið hafði gjört þá lítillægu efnisbreytingu á 3. grein frumvarpsins, að setja í stað orðanna „kostnaðinn við búnaðarskóla hvers amts“ orðin: „kostnaðinn við skóla þá, sem kunna að verða stofnaðir samkvæmt þessari tilskipun“, jafnframt og ýmsar þær breytingar á orðfæri, sem alþingi hafði ráðið til, voru teknar til greiða, lagði það til í þegnlegri skýrslu sinni um frumvarpið, að það yrði gjört að lögum.

12. febrúar

Tilskipun um fiskiveiðar útlendra við Ísland og fl. (á Íslenzku og Dönsku) ¹.

Vér Christian hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eftir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors

¹) Þessi tilskipun er einnig utlögð á Ensku og Frakknesku.

1872.

12. febrúar.

trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt til tilskipunar, sem inni hefir að halda nokkrar breytingar á tilsk. 13. júní 1787, 1. kap., og fl. þjóðum Vør og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Ef útlendir fiskimenn hafa við nokkra fiskiveiði fyrir ströndum Íslands innan þeirra takmarka á sjó, þar sem landhelgi er, einsog þau eru ákveðin í hinum almenna þjóðarétti, eða kunna að verða sett fyrir Ísland með sérstaklegum samningum við aðrar þjóðir, skulu þeir sæta 10—200 rd. sektum.

2. grein.

Sama hegning liggur við, ef útlendir fiskimenn flytja afla sinn í land, hvort sem það er uppá sjálfa ströndina, eða í eyjar og hólma við strendurnar, til þess að verka hann þar. Bíði nokkur tjón af þessu, skal þar að auki bæta skaðann samkvæmt hinum almennu grundvallarreglum laganna.

3. grein.

Þegar útlendir fiskimenn leita hafnar í neyð sinni, skal það tafarlaust tilkynnt yfirvaldinu þar á staðnum, og skal yfirvaldið hafa umsjón með, að ekki sé með þessu farið kringum verzlunarlögin eða skattalögin, nè brotið gegn þeim. Sé leitað á höfn til þess að fá læknishjálp við sótt, sem komin er upp meðal skipverja, skal farið eptir sóttvarnar-tilskipununum.

Fyrir að skoða skjöl skipsins og rita á þau, skal borga yfirvaldi því, sem í hlut á, 4 sk. af hverjum ton af rúmmáli skipsins, og að auki helming þessa gjalds, ef sá, sem hefir umboð sýslumanns, ritar á skjölin samkvæmt opnu bréfi 28. desbr. 1836, 9. gr.

Brot gegn því, sem fyrir er mælt í þessari grein, skulu varða jafnmiklum sektum, og settar eru í 1. grein.

4. grein.

Á þeim stöðum, sem nú skulu taldir: Reykjavík, Vestmannaeyjum, Stykkishólmi, Ísafirði, Akureyri og Eskifirði, skal amtmaleigandi amtmáður hafa heimild til þess, að láta lögreglustjóran leyfa útlendum fiskimönnum, án þess að þeir greiði lestagjald, ef þeir borga þóknun til fátækra á staðnum allt að 50 rd., að leggja

1872.

12. febrúar.

upp þá hluti, er þeir hafa til atvinnu sinnar, og þeim þykir ekki ástæða til að flytja heim milli tveggja ferða, sem farnar verða hvor á fætur annari, með því skilyrði, að þeir, sem í hlut eiga, gangist undir að hlýða þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjóra þykir þurfa til tryggingar því, að þeir hlutir, sem upp eru lagðir, sé ekki hafðir til verzlunar, nè brugðið sé út af leyfinu á annan hátt. Brjótí sá, sem vörurnar hefir lagt upp, gegn því, sem skipað er fyrir í þessu tilliti, skal hann sæta 10—200 rd. sektum, og ef verzlað hefir verið með vörurnar, skal á eptir greiða lestagjald, samkvæmt lögum 15. apríl 1854, af því eða þeim skipum, sem vörnum hefir verið skipað upp úr. Vörur þær, sem lagðar eru upp, skulu vera að veði fyrir sektum og gjaldi, og þegar ekki er borgað á annan hátt, hefir hlutaðeigandi yfirvald heimild til, að selja svo mikið af þeim, sem með þarf til þess að fá upphæðina borgaða.

5. grein.

Hver sá, sem hefir útgjörð til fiskiveiða á Íslandi, hvort sem það eru einstakir menn, eða félög, innlend eða útlend, er hafa þar hús, skal greiða sama lestagjald, og ákveðið er í lögum 15. apríl 1854, af þeim skipum, sem þeir flytja á afla sinn frá Íslandi, sem er verkaður þar.

6. grein.

Með mál útaf afbrotum þeim, sem getið er um í þessari tilskipun, skal fara sem opinber lögreglumál. Sektir þær, sem mælt er fyrir um, skulu renna í hinn íslenska landssjóð.

7. grein.

Tilskipun þessi öðlast gildi 1. júlím. 1872.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér þegnlega að hegða.

Ástæður fyrir lagaboði þessu¹.

Utanríkisstjórnin hafði leitað álits dómsmálastjórnarinnar um bref, er komið hafði frá sendiherra frakknesku stjórnarinnar í

¹) Tíðindi frá alþingi 1871, I., 7, 9, 12, 105—117, 138—150, 473 og 512; II., 116—122, 216—219, 223—226 og 317—319.

1872.

12. febrúar.

Kaupmannahöfn, og þar sem þess var farið á leit, að almennt leyfi fengist fyrir formenn frakkneskra skipa, sem fiska kringum strendur Íslands, án lestagjalds að flytja í land til geymslu á vissum stöðum hluti, sem þeir hafa til fiskiveiðanna, og þeim ekki þykir ástæða til að flytja heim milli tveggja ferða, en þó með því skilyrði, að ekki sé verzlauð með slíka muni. Þegar dómsmálastjórnin hafði fengið álit amtmannanna á Íslandi, kom það til yfirvegunar, hvort ekki kynni að vera ástæða til, að rýmka svið þeirra ráðstafana, sem þurfa kynni að gjöra útaf því, sem frakkneska stjórnin bauð um. Það því ekki verður neitað, að í lögum þeim, sem nú gilda um fiskiveiðar við strendur Íslands, eru margar ákvarðanir um hluttöku útlendra manna í veiðum þessum, sem eru úreltar og örðugt að gæta, virtist stjórninni rétt að vekja máls á því, hvort ekki mundi ástæða til að reyna að koma þessu og öðru, sem þar að lýtur, í betra og haganlegra horf með lögum. Stjórnin bauð því stiptamtmaninum yfir Íslandi, að segja álit sitt um málið, og gaf honum myndugleika til að setja nefnd til að íhuga það í heild sinni og sérstaklega það atriði, sem risið var af beiðni frakkneska sendiherrans. Samkvæmt þessu setti stiptamtmaður nefnd, til þess að íhuga málið og semja frumvarp til laga um það; á frumvarpi því, sem nefndin síðan bjó til um fiskiveiðar við Ísland, var svo byggt frumvarp það til tilskipunar, sem inni hefir að halda nokkrar breytingar á tilsk. 13. júní 1787, I. Káp., og fl., sem lagt var fyrir alþingi 1871; þetta frumvarp ræddi síðan þingið á lögboðinn hátt, og lét uppi álit sitt um það, eins og hér skal skýrt frá.

Þó að þinginu yfirhöfuð virtist frumvarpið hafa inni að halda verulega umbót á því réttarástandi, sem nú væri í gildi um þetta efni, þótti því samt 1. grein frumvarpsins viðvíkjandi takmörkum landhelginnar óþörf, ef ekki væri um annað að ræða, en þau takmörk, sem hinn almenni þjóðaréttur í þessu efni ákvæði, þar aldrei mundi hætt við, að hann lyti lægra, en landslögin, og næg trygging væri bæði í þeim og lögum útlendra þjóða fyrir, að þeim yrði hegnt, sem uppvisir yrði að brotum gegn þjóðaréttinum, en ófullkomin og ef til vildi ótímabær, ef um þau takmörk landhelginnar væri að tala, sem sérstaklegir samningar við aðrar

1872.

12. febrúar.

Þjóðir kynni síðarmeir að áskilja Íslands vegna; því meðan verið væri að búa til slíka samninga, virtist hagfelldara og enda samkvæmara þeirri venju, sem í þessu tilliti væri hin almenna hjá öllum þjóðum, að geta þeirra sem varlegast opinberlega, eins og það líka þótti þýðingarlítil lagaákvörðun, að miða landhelgina við þær ákvarðanir, sem kynni að verða, en til þessa ekki væri orðnar einskorðaðar. Af þessari orsök ræð þingið til, að láta 1. grein frumvarpsins alveg falla burtu.

Í 2. grein frumvarpsins virtist þinginu nauðsynlegt að bæta inn ákvörðun um þá hegningu, sem við skyldi liggja, ef útlendir fiskimenn færi upp í eyjar og hólma við strendurnar, til þess að skjóta þar eða veiða sel eða fugl, eða taka þar egg eða dún, eða gjöra þar aðrar skemmdir, því þó að veiðilögin 20. júní 1849 að sumu leyti næði til þvílíkra afbrota, þá væri það hvorttveggja, að þau gripi ekki yfir öll þau tilfelli, sem hér væri verið að ræða um, enda þætti nauðsynlegt, að brýna sem optast og þá einnig við þetta tækifæri fyrir útlendum, hvað við þvílíkum gripdeildum lægi. Þingið ræð því til, að 2. grein frumvarpsins, sem nú yrði 1. grein tilskipunarinnar, skyldi orða á þessa leið:

„Það skal varða 10—200 rd. sektum, ef útlendir fiskimenn flytja afa sinn á land, hvort sem það er upp á sjálfa ströndina, eða í eyjar og hólma við strendurnar, til þess að verka hann þar, eða skjóta þar eða veiða sel eða fugl, eða taka þar egg eða dún, eða gjöra þar aðrar skemmdir. Bíði nokkur tjón af þessu, skal að auki bæta skaðann, samkvæmt hinum almennu grundvallarreglum laganna”.

Í 3. grein frumvarpsins stakk þingið uppá nokkrum breytingum:

1. að „hlutaðeigandi yfirvaldi“ verði sett í staðinn fyrir „yfirvaldinu þar á staðnum”,

2. að í staðinn fyrir síðustu orðin í fyrri lið greinarinnar: „skal farið eptir hinum gildandi sóttvarnartilskipunum”, verði sett: „skal farið eptir þeim sóttvarnartilskipunum, sem nú eru hér gildandi, eður framvegis verða settar”, og

3. að í stað orðanna „og 50% að auki“ verði sett „og að auki helming þess gjalds, ef sá”, o. s. frv.

Í 4. grein frumvarpsins gjörði þingið þær orðabreytingar, að orðið „sumsè“ verði fellt úr, og að í stað orðanna „skipað er fyrir“ komi „skipað verður fyrir“.

1872.

12. febrúar.

Í álitsskjali sínu lýsti konungsfulltrúi því yfir, að hann yrði að ráða frá því, að 1. grein yrði felld úr, þar sem svo skýrt væri tekið fram í ástæðunum fyrir frumvarpinu¹, hve nauðsynlegt og hagfellt væri, að ákvarðanir yrði settar um þetta málefni; en þar er tekið fram, að þegar bannið móti fiskiveiðum útlendra við Ísland væri svo orðað, nefnilega, að landhelgin einmitt væri miðuð við almennar þjóðaréttarreglur, eða við sèrstaka þjóðsamninga, sem heppnast kynni að semja fyrir hönd Íslands, væri ekki loku skotið fyrir neitt í þessu máli, og engin ástæða fyrir framandi þjóðir að snúast andvígur ámóti lagaboði þessu; þar að auki væri mjög áriðandi, að fá aðrar ákvarðanir, sem yrði fullkomlega framkvæmdar, og væri ekki dauður bókstafur, í stað þeirra, sem væri í gildi um fiskiveiðar útlendra við Ísland í landhelgi (sam-anbr. tilsk. 13. júní 1787, I., 4. gr.), en þar væri settar svo harðar hegningar (skip upptæk og farmur), að það hefði verið nauðsynlegt, ekki að eins að sjá í gegnum fingur með afbrotum gegn þeim, heldur einnig hreint og beint að sleppa að beita þeim.

Konungsfulltrúa fannst ekki vera nein nauðsyn á að bæta inn í 2. grein frumvarpsins ákvörðun þeirri, sem alþing hafði stungið uppá, með því fyrir mælt væri um það atriði í tilsk. 20. júní 1849, enda ætti það naumast við í lagaboði því, sem hér væri um að ræða; á hinn bóginn kynni það að vera hagfellt, að taka þessa uppástungu alþingis til greina, með því þá væri sagt fyrir á einum stað um allt það, sem útlendir fiskimenn skyldi gæta, og kæmi það í góðar þarfir, þegar tilskipunin yrði útlögð á Frakknesku og Ensku, og henni útbýtt meðal allra sjómanna, er hefði við fiskiveiði við Ísland; orðabreytingar þær, sem alþing hefði ráðið til við 3. grein, fannst honum vera óþarfar.

Dómsmálastjórnin varð fyrir sitt leyti að álíta, að með því 1. grein frumvarpsins væri aðalákvörðunin, þarsem með henni yrði

¹) Tíðindi frá alþingi 1871, II., 119.

1872.

12. febrúar.

sett lagaboð, sem hægt væri að framfylgja, í stað hinna úreltu laga, sem nú væri í gildi um fiskiveiðar útlendra við Ísland, gæti það ekki orðið umtals mál, að fara eptir uppástungu alþingis um að sleppa greininni. Stjórnarráðið gat heldur ekki fallist á þá breytingu, sem alþing hafði stungið uppá við 2. grein frumvarpsins; því þó ástæða væri til, at láta sérstaklega harðari hegning liggja við afbrotum útlendra fiskimanna í þeim tilfellum, sem viðbætir sá, er alþing hefði stungið upp á, næði til, en þegar innlendir menn ætti í hlut, þá væri, hvernig sem á stæði, þessi ákvörðun of almenn og snerti of ýmisleg tilfelli, til þess hegningu þeirri, sem fyrir væri mælt um í 1. grein, yrði komið við; enda væri ekki með því girt fyrir öll lagabrot af hálfu útlendra, nema því að eins að orðin, „eða gjöra þar aðrar skemmdir“, yrði tekin í langtum víðari merkingu, en sanngjarnt væri.

Að því leyti, er snerti breytingar þær við 3. grein frumvarpsins, sem alþing hafði stungið uppá, þótti ekki vera nein ástæða til að fallast á uppástungu þá, sem nefnd er í 1. staðlið að framan; hinar tvær breytingarnar tók stjórnarráðið aptur á móti til greina, og fannst því breytingu þeirri, sem nefnd er í 2. staðlið, bezt við komið með því móti, að setja „sóttvarnar-tilskipunum“ í staðinn fyrir „hinum gildandi sóttvarnar-tilskipunum“.

Af breytingunum við 4. grein frumvarpsins var önnur tekin til greina, en hin ekki.

Að endingu fannst stjórnarráðinu bezt við eiga, að kalla lagaboðið „tilskipun um fiskiveiðar útlendra við Ísland, og fl.“

Eptir að búið var að gjöra breytingar á frumvarpinu samkvæmt því, sem sagt er, lagði stjórnarráðið til í þegnlegri skýrslu sinni um það, að það yrði gjört að lögum.

12. febrúar.

14. Tilskipun fyrir Ísland, um sildar- og upsaveiði með nót. (á Íslenzku og Dönsku).

Vér Christian hinn Niundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors